

**Fundargerð 15. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
2. janúar 2019 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun - 1807035

Tillaga um vinnslu aðalskipulags, sbr. 6. fundur Framkvæmda-og skipulagsráðs. Einar Jón Pálsson formaður Framkvæmda-og skipulagsráðs sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Bæjarráð þakkar formanni fyrir kynninguna og lýsir yfir ánægju með tillögu um vinnslu aðalskipulags.

2. Fjárhagsáætlun 2018 - viðaukar - 1812053

Viðauki 2 og 3 - Grunnskólinn í Sandgerði.

Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukana á grundvelli greinargerðar.

3. Heiti sameinaðs sveitarfélags - 1807102

Bréf frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneyti dags. 20. desember 2018, þar sem fram kemur að ráðuneytið hafi staðfest breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og samþykktin hafi verið send til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda. Í því felst m.a. að sveitarfélagið mun heita Suðurnesjabær frá og með 1. janúar 2019.

Bæjarráð lýsir ánægju með staðfestingu á nafni sveitarfélagsins sem ber nafnið Suðurnesjabær frá og með 1. janúar 2019.

4. Sameining: staða verkefna - 1809074

Byggðamerki.

Bæjarráð leggur til að staða verkefnisins um mótun byggðamerkis fyrir Suðurnesjabæ verði kynnt á næsta fundi bæjarstjórnar.

5. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið - viðauki við fjárhagsáætlun - leiðbeinandi verklagsreglur - 1811040

Erindi frá reikningsskila-og upplýsinganefnd með leiðbeinandi verklagsreglum um viðauka við fjárhagsáætlun.

Lagt fram til kynningar.

6. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 - 2022 - 1809099

Lánayfirlit.

15. fundur bæjarráðs
03.01.2019

Samþykkt að fela bærstjóra að funda með helstu lánardrottnum sveitarfélagsins og fara yfir lánstöðu.

7. Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024 - breytingar - 1812095

Erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja dags. 19. desember 2018, um tillögu að breytingum á svæðisskipulagi.

Samþykkt að vísa erindinu til umfjöllunar í Framkvæmda-og skipulagsráði.

Fundi slitið kl. 17:00.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir
